

Ed.

99. Frumvarp

til laga um eignarnámsheimild á ábúðar- og erfðafesturétti á nokkrum býlum á Hvaleyri við Hafnarfjörð.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar er heimilt að taka eignarnámi ábúðar- og erfðafesturétt á öllum býlum á Hvaleyrartorfunni við Hafnarfjörð.

2. gr.

Ef um bætur verður að ræða fyrir þessi réttindi, greiðast þær af bæjar-sjóði Hafnarfjarðar, bæði að því er snertir þau býli, sem bærinn á sjálfur, og vegna þess hluta af Hvaleyrareigninni, sem er í eigu minningarsjóðs Þórarins Böðvarssonar.

3. gr.

Þegar eignarnám hefir farið fram, skal stjórn minningarsjóðs Þórarins Böðvarssonar láta hlut sjóðsins af jarðeign þessari á leigu til Hafnarfjarðar, ef samkomulag næst um skilmála.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt til að létta undir með fram kominni ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um að fá til umráða nærtækt og hentugt land til smáyrkju og garðræktar. Hefir bæjarstjórnin talið sig nauðbeygða til að leita eftir því landi í öðrum hreppi, Garðahreppi, sem þá myndi missa nokkur sjálfstæð býli, sem hann má illa við að tapa, ef látið yrði að ósk bæjarstjórnarinnar. Hreppurinn á við allmikil sveitarþyngsli að búa, og hreppsúar og stjórn hreppsins eru því algerlega mótfallnir að láta annað sveitarfélag taka sneiðar úr hreppnum nokkurskonar hernámi. Mótmæltu Garðahreppsúar harðlega í fyrra vetur þessari landkröfu Hafnarfjarðar, og eru enn fullkomlega sama sinnis. Ef lítið er frá almennu sjónarmiði á málið, verður að játa hvorttveggja, að Hafnfirðingar hafa þörf fyrir land, en um leið, að það er von, að litlum sveitahreppi með þungum byrðum þyki skörin færast upp í bekkinn, ef hindra skal myndun sjálfstæðra heimila í hreppnum til að bæta úr þörf nábúans.

En úr þessu máli má bæta á annan hátt, og hann fullkomlega réttmætan. Garðahreppur á að fá að njóta sinna býla og sinna sjálfstæðu gjaldenda. Og Hafnarfjörður á að geta fengið land til garðræktar, og það einkar hentugt, innan vébanda bæjarins. Bærinn þarf ekki að ásælast land annara hreppa. Hann á sjálfur miklu betra land og nærtækara heldur en það, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir verið að seilast eftir í Garðahreppi.

Höfnin í Hafnarfirði liggur suðvestan til í skjóli við breiðan tanga, sem heitir Hvaleyri. Er nálega samfellt tún á tanga þessum, og er talið, að öll túnin gefi af sér um 20 kýrfóður af töðu; má auka það mikið með landbroti og ræktun suður á hóginn. En þó að tún þetta sé gott til grasræktar, þá er það þó enn betur fallið til garðræktar og gæti verið akur kaupstaðarins, ef vel væri á haldið. Auk þess er land þetta svo nærri bænum, að engum vandkvæðum er bundið að nýttja það frá Hafnarfirði.

Hvaleyrin skiptist að eigu til í tvennt. Annan helminginn á Hafnarfjarðar-kaupstaður, og munu þar vera fjögur byggð býli nú, en hafa verið fleiri áður. Hina háflenduna á minningarsjóður Þórarins Böðvarssonar, og rennur arðurinn af þeim sjóði til eflingar Flensborgarskólanum.

Menn skyldu halda, að leiðtogar Hafnarfjarðar hefðu reynt að fá Hvaleyrarlandið til almennra afnota fyrir hajarfélagið, en svo er ekki. Smájarðir þær, sem heyra til bænum, eru í lífstíðarabúð frá þeim tíma, þegar íhaldið var í

meiri hluta í bænum. Eitt býlið hefir losnað úr ábúð síðan jafnaðarmenn tóku við stjórn í Hafnarfirði. Bærinn hefir ekki notað það eins og vænta mátti, en mun þó geta tekið það til ræktunar hvenær sem er. En háflendu skólans leigðu íhaldsleiðtogar bæjarins, sem höfðu forráð sjóðsins, til 50 ára með framseljanlegum samningi fyrir 150 krónur á ári.

Tilgangur þessa frv. er að losa Hvaleyrrarlandið allt úr ábúð og erfðafestu, svo að Hafnarfjörður geti, ef hann yfirleitt vill, fengið land til garðræktar handa fjölmörgum borgurum bæjarins, án þess að þrengja að kosti lítils sveitahrepps í nábýlinu.

Vegna þess að sumir leiðtogar Hafnarfjarðar hafa sótt með kappi að ná tveimur erfðafestulöndum í óræktuðum mýrar- og mógrafalöndum Garðahrepps og látið svo um mælt, að leigusamningar þeir væru óhagstæðir fyrir ríkið, hefir þótt rétt að birta hér saman tvo samninga, annan, sem íhaldsleiðtogar Hafnarfjarðar gerðu um hálfu Hvaleyryna 1916, og hinn frá 1932 milli ríkisstjórnarinnar og Hermanns Jónassonar, sem er að gera nýbýli á hinu óræktaða erfðafestulandi sínu. Sömuleiðis þykir rétt að birta bréf, sem farið hafa milli Herm. Jónassonar og stjórnarráðsins í sambandi við landkröfur Hafnfirðinga í Garðahreppi. Sömuleiðis bréf frá ráðunaut Búnaðarfélagsins, Palma Einarssyni, sem fyrrverandi stjórn hafði til aðstoðar við aðgerðir sínar um að fjölga sjálfstæðum hýlum í Garðahreppi með því að fullræktuð yrðu og nytjuð áður óunnin lönd, sem enginn hirti um áður, en nú þykja svo verðmæt, að forráðamenn í stórum kaupstað gleyma að færa sér í nyt gæði landsins, sem biða heima við bæjarvegginn, en seilast inn í land nábúahreppsins eftir landi, sem hann má illa án vera.

Fylgiskjal I.

Samkvæmt ályktun stjórnarnefndar Flensborgarskólans í Hafnarfirði á fundi hennar 9. þ. m. og að undangenginni laussögn ábúanda hálftrar jarðarinnar Hvaleyrar, eign skólans, herra kaupmanns Aug. Flygenrings í Hafnarfirði, er hér með herra búfræðing Ingólfi Flygenring, syni hans, leigð fyrrgreind háflenda á erfðafestu til 50 ára, frá síðastliðnum fardögum að telja, þannig að leigutaka sé heimilt að selja eða afhenda öðrum ábúðarrétt sinn, sem og gengur í erfðir eftir lögum eða ráðstöfun leigutaka á fyrrgreindu tímabili. — Að 50 árum liðnum frá fardögum síðastliðnum getur stjórnarnefnd Flensborgarskólans, fyrir hönd skólastofnunarinnar, eða hver sá, sem er eða verður eigandi nefndrar jarðarháflendu, krafizt þess, að leigutaki eða sá, er þá hefir ábúðarréttinn, sleppi tilkalli til hans eða erfðafesturéttarins, en það skal gert með hálfars fyrirvara, og er eiganda þá skylt að innleysa eftir mati dómkvaddra óvillhallra manna öll önnur sérstök mannvirki á jörðinni (önnur en jarðabætur), þegar leigutaki fer frá jörðinni á fardögum eftir að sagt hefir verið upp ábúðinni. —

Í leigu eftir jarðarháflenduna ber að greiða 150 — eitt hundrað og fimmtíu — krónur árlega fyrir árslok, í fyrsta sinn fyrir lok þessa árs, og greiðist gjald þetta í peningum. —

Ábúanda eða leigutaka er skylt að hafa jörðina í viðunanlegri rækt, en við henni, eða jarðarháflendunni, tekur hann án álags eða úttektar í því ástandi, sem hún nú er í, og án kúgilda. —

Leiguliði greiði alla skatta og gjöld til hins opinbera, er lögð verða eða nú hvíla á jarðeignum sem gjaldstofn. —

Hafnarfirði, 15. júní 1916.

Magnús Jónsson.

Eftir umboði.

Vottar:

Salómon Runólfsson.

Christine Jensen.

Við erfðafestu- og byggingarbréfi, sem þessu er samhljóða, hefi ég tekið, og skuldbínd mig til þess að halda skilmála þess í öllum greinum. —

Hafnarfirði, 15. júní 1916.

Ingólfur Flygenring.

Aug. Flygenring.

skipaður tilsjónarmaður.

Hinn 20. júnímánaðar 1916 er byggingar- og leigusamningur þessi innritaður í afsals- og veðmálabók Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar, Litra X, nr. 287. —

Magnús Jónsson.

Gjald: 5 — fimm — krónur,

Borgað

M. J.

Rétt eftirrit staðfestir. —

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði hinn 23. febr. 1933. —

Magnús Jónsson.

Gjald: 1 — ein — króna,

greitt,

M. J.

Fylgiskjal II.

Dóms- og kirkjumálaráðherrann

Gerir kunnugt: Að með bréfi þessu er herra lögreglustjóra Hermannni Jónassyni, Amtmannsstig 4 í Reykjavík, leigð á erfðafestu til ræktunar og byggingar nýbýlis landspilda sú, sem lýst er í tölulið 1 hér á eftir, með eftirgreindum nánari skilmálum.

1. Hin leigða landspilda er 26,6 hektarar að flatarmáli samkvæmt uppdrætti Búnaðarfélags Íslands, dagsettum 10. maí 1932. Takmarkast að norðan af Arnarnesvog, að austan ræður Arnarneslækur mörkum að Hafnarfjarðarvegi, að sunnan Hafnarfjarðarvegur að Hraunsholtslæk og að vestan Hraunsholtslækur til sjávar.
2. Landið er leigt á erfðafestu til ræktunar og hyggingar nýbýlis. Leigutaki öðlast því aðeins rétt til að reisa eitt íbúðarhús á landinu og nauðsynlegt útihús vegna búreksturs síns og ræktunar.
3. Leigutaki skal hafa girt leigulandið gripheldri girðingu áður en 1 — eitt — ár er liðið frá því honum er afhent landið og reisa á því íbúðarhús innan tveggja ára frá dagsetningu þessa erfðafestubrúfs. Ella fellur erfðafestubrúfið úr gildi og landið aftur til ríkisins án endurgjalds.
4. Á hverju ári skal leigutaki rækta til túns eigi minna en $\frac{1}{2}$ hluta af landinu, þannig að landið sé fullræktað á næstu 12 árum eftir að útmæling fór fram. Sé þessu skilyrði ekki fullnægt á tilsettum tíma, hefir leigutaki fyrirgert rétti sínum á landinu; þó getur umboðsmaður með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins gefið allt að 3ja ára frest til þess að skilyrðum verði fullnægt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, er mæla með því.
5. Ef girðingum er ekki við haldið eða leigulandið gengur úr sér að rækt, svo til auðnar horfi, hvorttveggja eftir mati óvilhallra manna, fellur landið aftur til ríkissjóðs án endurgjalds, þó að óskertum rétti þeirra, er veð kunna að eiga í réttindum yfir landinu, en ríkisstjórnin, hefir forkaupsrétt að mannvirkjum þeim, er kunna að vera á landinu, önnur en ræktunarumhætur, eftir mati þar til kvaddra manna.
6. Þau ár, sem leigutaka eru ætluð til að rækta landið, greiðir hann í leigu 5,00 kr. — fimm krónur — fyrir hvern hektara, en að þeim tíma liðnum 15,00 — fimmtán krónur — fyrir hvern ha. Ársgjaldið greiðist í fardögum ár hvert til hreppstjórans í Garðahreppi, í fyrsta sinn í fardögum 1932, og er tryggt með forgangsrétti í eigninni á undan öðrum veðskuldum. Verði afgjaldið ekki greitt umboðsmanni í tæka tíð, má taka það lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.
7. Hvenær sem ríkið telur sig þarfnast erfðafestulandsins til notkunar undir opinber mannvirki ríkisins, svo og til sérstaks atvinnureksturs, er leigutaka skylt að láta af hendi erfðafesturétt sinn á landinu gegn sannvirði þess, sem kostað hefir að rækta landið, að mati tveggja óvilhallra, dómkvaddra manna. Fyrir þann hluta landsins, sem óræktaður kann að vera, greiðist ekkert endurgjald. Nú eru byggingar, girðingar eða önnur mannvirki á landinu þegar umboðsstjórnin krefst sér það afhent, og skal þá greiða eiganda þeirra að auki andvirði þeirra, eftir mati tveggja óvilhallra, dómkvaddra manna.
8. Með þessum takmörkunum er leigutaka heimilt að selja leigurétt sinn, veðsetja hann eða ráðstafa honum á annan hátt, þó að áskildu samþykki umboðsvaldsins.
9. Leigutaki greiði alla skatta og gjöld til hins opinbera, er lagðir kunna að vera á leigulandið sem gjaldstofn.

Af bréfi þessu eru tvö samhljóða frumrit, og heldur hvor samningsaðili sínu.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. maí 1932.

Jónas Jónsson.

Gissur Bergsteinsson.

Við leigusamningi, sem þessum er samhljóða, hefi ég tekið og skuldbind mig til að halda framangreinda skilmála.

D. u. s.

Hermann Jónasson.

Amt. 4.

Vitundarvottar:

Þórður Jensson.

F. Bjarnason.

Fylgiskjal III.

HERMANN JÓNASSON

Lögreglustjóri í Reykjavík.

Þér hafið, herra atvinnumálaráðherra, átt tal við mig nýlega um land það milli Hraunsholtslækjar og Arnarneslækjar, sem ég hefi fengið á erfðafestu úr landi Garða. Vil ég hér leyfa mér að staðfesta þetta samtál bréfléga af minni hendi. —

Þér farið þess á leit fyrst og fremst, að ég láti áhúendum jarða í Garðahverfi eftir mótak í erfðafestulandi mínu.

Jafnframt spurðust þér fyrir um það, herra atvinnumálaráðherra, hvort ég mundi fánlegur til þess að láta landið af hendi í þeim tilgangi, að Hafnarfjörður geti fengið það til útbýtingar í smábletti til grasræktar. En Hafnarfirði hefir, svo sem yður mun kunnugt, verið vísað á annað svæði hentugra til útbýtingar í smábletti til garðræktar.

Viðvíkjandi hinu fyrra atriði skal ég taka það fram, að ef framannefnd kvöð um mótak hefir hvílt á Garðalandi, mun ég ekki, þó landið hafi verið afhent mér kvaðalaust, skorast undan að taka á mig þá kvöð, sem á mínu landi kann að hafa hvílt. En eins og yður er kunnugt, herra atvinnumálaráðherra, var úr Garðalandi skipt landi í stað jarðarinnar Bakka og Móakots. Aðalmótekjan í landi því, er ég fékk, er jafnvel þrotin, en mestöll mótekja Garðahverfis var í hinum löndunum seinni árin. Þessi lönd verða því að sjálfsgöðu að taka á sig sinn hluta kvaðarinnar. Að setja allt ítak Garðahverfisins til mótaks á mína landspildu kemur ekki til mála. En sú kvöð, sem ég tæki á mig, mundi eðlilega aðeins gilda meðan ábúð þeirra varir, sem nú hafa jarðirnar í áhúð. Jafnframt

verða notendur mótaksins að taka móinn og fara að þeim reglum, sem ég set, svo valdi sem minnstum skemmdum á landi og mannvirkjum.

Um það atriði, hvort ég mundi fáanlegur til að afhenda landið, er þessu til að svara:

Samningarnir um landið eru þannig, svo sem yður er kunnugt, að ég get aldrei grætt einn eyri á verðhækkun landsins; hún fellur öll ríkinu í skaut. Tekjur minar af ræktun landsins og notkun er því sá eini arður, sem ég hefi af landinu til að mæta öllum kostnaði. Handhöfn mín á þessu landi er ekki vegna gróðavonar, heldur vegna þess, að ég hefi ánægju af því að fást við jarðrækt. Ég afhendi því ekki þetta land, nema það sé hinu opinbera eða einhverju bæjarfélagi til gagnsemdar. Að útbýta smálöndum til grasræktar er samkvæmt sannfæringu minni spor aftur á bak, og það mikið. Þetta kann að geta blessazt á einstaka stað, en er þó ætíð stórum verra fyrirkomulag en samfelld og stórfelldari ræktun, þar sem komið verður við góðum tækjum og verkaskipting er fullkomin. Að því fyrirkomulagi verðum við að mínu álitu að keppa.

Smálandaræktun hér í nágrenni Reykjavíkur hefir að mínu álitu, og ég held að álitu flestra hér í bænum, sýnt, að hún á ekki rétt á sér; litlu erfðafestulöndin eru því að falla úr sögunni. Þess vegna hafa jafnaðarmenn í bæjarstjórn frekar stutt að því, að lönd bæjarins væru geymd, svo sem Fossvogur, til þess að bærinn geti sett þar upp stórt bú. Reynsla okkar hér í bænum er sú, að útbýta beri litlum löndum til garðræktar og fyrir lítið garðhús til að dunda við í góðviðri og um helgar, og svo stærri löndum, sem menn geta lifað af með fjölskyldur sínar við grasrækt með kvikfjarrækt.

Próuin mun og ganga í þessa átt erlendis, og með lögum um byggingar- og landnáms sjóð er vísað sömu leið, þar sem lögbýli, er lána má út á, skal ekki hafa minna en 20 hektara af landi.

Það væri því samkvæmt sannfæringu minni engum til gagns, en aðeins nokkrum mönnum til ógagns, ef ég afhenti þessa 26 hektara til þess að því verði skipt í smáhletti til grasræktar. Til þessa get ég ekki fallizt á að afhenda landið. Að afhenda landið til þess að það verði svo aftur afhent einhverjum öðrum einstakling, sé ég ekki ástæðu til.

Hinsvegar get ég skilið, að það væri Hafnarfjarðarkaupstað til mikilla hagsbóta að reka stórt kúabú með nýtizku sniði, og þyrfti hann til þess að fá allmikið land til viðbótar þeim jörðum, sem hann á nú þegar.

Ef Hafnarfjarðarkaupstaður hefði til umráða, auk míns lands, land það, sem Eyjólfur Jóhannsson hefir fengið úr Garðalandi ofan Hafnarfjarðarvegarins, land það, sem útbýtt hefir verið úr sama landi upp með Vífilsstaðaveginum og vestan Hraunsholtslækjar, þá væri hér fengið sæmilega gott og viðunandi stórt land undir eitt stórt kúabú. Og ef til vill væri það allra skynsamlegasta meðferð þessa lands, að Hafnarfjarðarkaupstaður fengi allt landið og ræki þar gott nýtizku kúabú.

Hinum handhöfum landsins sýnist nú engu meiri vorkunn en mér að afhenda sín lönd; tveir eru í fastri atvinnu, en Móakotshóndanum gæti Hafnarfjörður að sjálfsgöðu bætt atvinnumissinu, með því að láta hann hafa atvinnu við hinn nýja búskap.

Þótt mér sé sárt um landið, sem ég hefi fengið þarna til ræktunar, og hafi þegar gert ýmsar ráðstafanir, sem kosta mig talsverð útgjöld, mundi ég þó ekki vilja standa í vegi fyrir því, að Hafnarfjörður setti þarna upp nýtizku búskap. Ég býðst því hér með til að afhenda mitt land, ef hreppurinn samþykkir og hinir þrir, sem fengið hafa land úr Garðalandi, vilja gera hið sama.

Verður Hafnarfjarðarkaupstaður þá að sjálfsögðu að setja þarna upp bú og hafa lokið byggingum, mannvirkjum og ræktun á landinu á jafnstuttum tíma og ég hefi orðið að undirgangast í samningi minum við ríkið, en auk þess verður hann að ganga inn í þá samninga, sem ég hefi gert um framræslu landsins.

Þetta tilboð mitt stendur til miðs ágústmánaðar næstkomandi.

Ég mun, herra atvinnuáráðherra, senda hæjarstjóranum í Hafnarfirði afrit af bréfi þessu.

Reykjavík, 20. júlí 1932.

Virðingarfyllst.

Hermann Jónasson.

Til atvinnuáráðherra Íslands, Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 25. október 1932.

Út af samtölum við yður, herra lögreglustjóri, og með skirskotun til bréfs yðar, dags. 20. júlí þ. á., um skipti á landspildu, er yður hefir verið seld á leigu úr landi Garða á Álftanesi, og landsvæði nokkru við Fossvog, er umtal hefir orðið um og kvenfélagið „Hringurinn“ sem áhúandi þjóðjarðarinnar Kópavogs hefir til afnota, hefir ráðuneytið mælt til þess við kvenfélag þetta, að það léti af hendi landsvæðið eða afnot þess til ríkisins. Kvenfélagið hefir nú með bréfi 13. þ. m. tjáð það ráðuneytinu, að það sjái sér ekki fært að láta af hendi landið, þar sem félagið húist við sjálft að þurfa að nota allt land jarðarinnar á næstu árum. Aftur á móti hefir áhúandi þjóðjarðarinnar Digraness lofað að láta af hendi til ríkisstjórnarinnar, þá er hún óskar þess, svæði úr landi Digraness til ræktunar, í norðausturhorni jarðarinnar, er takmarkast af landi Reykjavíkur og vegi að útvarpsstöðinni, og ennfremur land Digraness austan þessa vegar, fyrir 10 kr. hvern hektara um árið.

Ráðuneytið spyrst nú fyrir um það, hvort þér viljið láta af hendi leiguland yðar úr Garðalandi, til þess að Hafnarfjarðarkaupstaður geti fengið það land, gegn því að ráðuneytið aftur á móti selji yður á leigu svæði eftir samkomulagi

í ofangreindu landi Digraness. Þess skal getið, að Hafnarfjarðarkaupstaður vill greiða kostnað þann, er þér kunnir að hafa lagt í leiguland yðar, með sannvirði. Ráðuneytið óskar svars yðar sem fyrst.

Dorsteinn Briem.

Gissur Bergsteinsson.

Til herra lögreglustjóra Hermanns Jónassonar.

Fylgiskjal V.

Hefi mótttekið bréf ráðuneytisins, dags. 25. okt. s. l., þar sem það tilkynnir, að kvenfélagið „Hringurinn“ geti ekki séð af nokkrum hluta af beitilandi sinu til ræktunar, en land þetta hafði ég boðizt til að taka í skiptum fyrir erfðafestuland það, er ég hefi við Arnarnesvog.

Land það, sem ráðuneytið býður mér í Digraneslandi, tel ég svo dýrt í ræktun, að ég get ekki orðið við þeim tilmælum að taka það land í skiptum fyrir land það, sem ég nú hefi á leigu.

Reykjavík, 7. febr. 1933.

Herm. Jónasson.

Til dómsmálaráðuneytisins í Reykjavík.

Fylgiskjal VI.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Lækjargötu 14 — Reykjavík.

Reykjavík, 10. maí 1932.

Í tilefni af bréfi hins háa ráðuneytis, dags. 26. marz, hefir Búnaðarfélag Íslands með bréfi dags. 9. þ. m. ákveðið, að ég léti ráðuneytinu í té álit um skiptingarmöguleika á Garðatorfunni á Álftanesi, og skal því hér með hinu háa ráðuneyti látin álitserð um þetta í té.

Heimaland Garðatorfunnar er alls 598,5 ha. að flatarmáli. Af því er mýrlendi 83,5 ha., annað ræktanlegt land, aðallega melar, er 268,4 ha., og hraun og annað óræktanlegt land er 246,6 ha.

Hlutdeild í þessu landi eiga 16 býli, sem nú eru öll í ábúð; eru 14 býlin rikiseign, en tvö, Hraunsholt og Selskarð, hafa verið seld undan Görðum, án þess að útskipt væri þeirra landi úr heildartorfunni. Hverju þessara býla ber, sé skipt samkvæmt gildandi landskiptalögum frá 1927, að fá land að flatarmáli frá 20—52 ha. af ræktanlegu landi.

Ein undantekning er frá þessu, en það er býlið Krókur, er aðeins ber 12 ha. lands alls.

Hjáleigur ná allar, að undanteknum Króki, þeirri landstærð, er nauðsynleg verður að teljast býlum, er hafa aðstöðu til að nota beinan markað í bæjum þeim, er í nágrenni eru, gengið út frá því, að ræktun sé aukin á þeim í samræmi við þau skilyrði, sem fyrir hendi eru.

Heimajörðinni Görðum ber um 160 ha. af landi alls. Þar af mýrlendi um 27 ha. og annað ræktanlegt land 70 ha. Svo eftir skipti fylgja heimajörðinni með því túni, sem hún nú hefir, rúmlega 100 ha. af ræktanlegu landi.

Með hliðsjón af framanrituðu er álit mitt:

1. Að hjáleigur Garða, 13 að tölu, sem eru eign ríkisins, þurfi á öllu því landi að halda, sem þeim við skipti ber að fá, til þess að geta talizt sæmileg ábýli fyrir eina fjölskyldu hvert.
2. Að Krókur ætti að leggjast niður sem lögbýli, þegar núverandi ábúandi sleppir ábúð á jörðinni, og tún jarðarinnar að leggjast til einnar hjáleigunnar.
3. Að býlið Móakot vegna afstöðu sinnar beri að færa út, fá land sitt afskipt inn við svonefndan Arnarnesvog.
4. Að úr heimajörðinni Görðum megi skipta tveimur nýbýlum, er til samans fái alls 42,8 ha. af ræktanlegu landi, eða tæpan helming af því ræktanlega landi, sem Görðum ber.

Samkvæmt fyrirskipunum um skipti á heimalandi Garðatorfunnar hefi ég framkvæmt þau í samræmi við ákvarðanir hins háa ráðuneytis, meðal annars í bréfum dags. 28. marz 1930 og 26. marz 1932.

Samkvæmt því, sem meðfylgjandi uppdráttur af landinu sýnir, hefi ég samkvæmt munnlegu viðtali við hið háa ráðuneyti skipt frá því landi, er heimajörðin Garðar fær við úthlutun, tveim nýbýlum, merktum á uppdrættinum I. og II., er ráðuneytið ætlar að leigja á erfðafestu til ræktunar þeim herra lögreglustjóra Hermanni Jónassyni, Amtmannsstíg 4, og Eyjólf Kolbeins, Bygggarði á Seltjarnarnesi. Og með frjálsum samkomulagi milli þessara aðila er ákveðið, að lögreglustjóri Hermann Jónasson fái nýbýli nr. I, 26,2 ha. að flatarmáli, og Eyjólfur Kolbeins nýbýli nr. II, 16,6 ha. að stærð.

Ég vænti þess, að hið háa ráðuneyti fallist á skiptin milli heimajarðarinnar og hjáleigna hennar, svo og aðrar þær tillögur, sem hér að framan, að lokinni rannsókn, eru gerðar um hentugasta hagnýtingu þess lands, er Görðum heyrir til.

Uppkast að erfðafestusamningi fylgir hér með.

Virðingarfyllst.

Pálmi Einarsson.

Til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, Reykjavík.

Fylgiskjal VII.

Sveitarþyngsli nokkurra hreppa.

Sbr. þskj. 463 1932 (A-deild Alþt. s. á. bls. 942—947).

Þeir hreppar hér á landi, sem hafa meiri sveitarþyngsli á mann en 25 kr., eru þessir:

Garðahreppur, Gullbr.s.	kr. 35,27 á mann
Gerðahreppur —	— 33,71 — —
Sveinsstaðahr. A.-Hún.	— 31,13 — —
Bessastaðahr. Gullbr.s.	— 29,35 — —
Neshreppur í Norðfirði	— 25,44 — —

Í hreppum landsins er meðaltal kr. 8,64 á mann
En á öllu landinu (kaupst. og hr.) — 11,87 — —

Garðahreppur ber því á mann meira en fjórföld sveitarþyngsli miðað við meðaltal allra hreppa á landinu, og nær þreföld miðað við landið allt.